

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
info@truenorth.is

Reykjavík 15. júní 2018
UST201806-122/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvíkmyndaleyfi - Lóndrangar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Þór Kjartanssni hjá Truenorth dags. 08. 06. 2018, vegna fyrirhugaðrar kvíkmyndatöku innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Lýsing framkvæmdar:

Ætlunin er að kvíkmynda við Lóndranga fyrir dýra- og náttúrulífsþátt. Tveir starfsmenn koma að verkinu og verður myndað með kvíkmyndavél á þrifæti og litlum dróna. Dróninn mun fljúga það hátt að hann trufli ekki dýra og fuglalíf.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu eða hafa áhrif á verndargildi þess að virtum eftirfarandi skilyrðum.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir áður lýstri kvíkmyndatöku við Lóndranga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (Umhverfisstofnunar) hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Þar sem varptími stendur yfir skal ekki fljúga drónanum nær Lóndrögum og öðrum fuglabjörgum en 200 m. og eins langt frá og kostur er. Truflí dróninn fuglalífið ber að lenda honum samstundis.
- Takmarka skal þann tíma sem kvíkmyndað er, eins og kostur er, með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu og áhrifa á dýralíf.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.

- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef myndefnið er ætlað til birtningar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvíkmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Að öðru leiti skal haga flugi dróna í samræmi við reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er landverði heimilt að stöðva verkefnið ef hann telur að af henni stafi yfirvofandi hætta á verulegu tjóni á náttúru Íslands.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu leyfisumsókna skv. 92. gr. laga nr. 60/2013. Gjald fyrir umsókn um kvíkmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. gjaldskrár fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Gunnarsdóttir
Guðbjörn Gunnarsdóttir
sérfræðingur